

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600078/abg

Lýsing deiliskipulag fyrir fjallaselssvæðið Þjófadali

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 12. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu deiliskipulags vegna skálasvæðis í Þjófadölum í Bláskógabyggð

Almennt um framkvæmd

Framkvæmdir á svæðinu eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar skv. lið 12d í 12.gr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur skipulagsáætlunin undir lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Gönguskálinn fellur jafnframt undir þjóðlendum sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og er landsvæðið því á forræði forsætisráðuneytisins.

Þjófadalir eru á náttúruminjaskrá en á svæðinu er stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Einnig eru í Þjófadal grösug dalverpi í yfir 600 m h.y.s. Á svæðinu er hverfisvernd, sem fylgir mörkum sem sett eru um náttúruminjaskrá. Verndinni er ætlað að tryggja að mannvirkjagerð verði í lágmarki og haft verði samráð við náttúruverndaryfirvöld vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Engin áform eru um að fara í umfangsmikla uppbyggingu á skálasvæðinu, heldur er megintilgangur áætlunarinnar að tryggja og skapa ramma um þá starfsemi FÍ sem fyrir er. Um er að ræða mjög afmarkað svæði þar sem mannvirki hafa staðið um árabil og áætlunin inniheldur aðeins lítilsháttar breytingu.

Markmið með deiliskipulagi er að bjóða gönguhópum á hálendinu viðunandi gistingu og hreinlætisaðstöðu.

Helstu stefnumið áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Staðfesta lóðarmörk og lóðarstærðir, sem forsendu fyrir leigusamningum.
- Nýtt salernishús (vatns- eða þurrsalerni).

Staðhættir, náttúrufar og náttúruminjar

Skálinn stendur í dalkvos þar sem er skjólgott og gróðursælt. Litadýrð er mikil í fjöllum í kring þar sem litskrúðugt líparít er ríkjandi.

Umhverfisstofnun bendir á að Þjófadalur er svæði nr. 733 á náttúruminjaskrá og þar segir: *Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Grösuð dalverpi í yfir 600 m h.y.s.* Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúruminjaskrá og næsta nágrenni þess spillist ekki.

Vegir og bílastæði

Í ofangreindu erindi kemur eftirfarandi fram: Jeppaslóði nær að brún Þröskulda og ekki er mögulegt að keyra heim að skála. Það hlífir landinu en er til óþæginda í trússferðum, þar sem vistir og farangur er keyrt á staðinn.

Umhverfisstofnun bendir á að lögum samkvæmt er utanvegaakstur bannaður.

Mannvirki

Á svæðinu er hverfisvernd, sem fylgir mörkum sem sett eru um náttúruminjaskrá. Verndinni er ætlað að tryggja að mannvirkjagerð verði í lágmarki og haft verði samráð við náttúruverndaryfirvöld vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í lýsingu kemur ekki fram hvort valið verði að reisa vatns- eða þurrsalernishús. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skýrt komi fram í deiliskipulagi hvor leiðin er valin svo hægt sé að meta áhrif framkvæmdar. Mikilvægt er að lýsa því hvar byggingareitur salernishúss verði staðsettur. Umhverfisstofnun mælist til að salernishús verði staðsett sem næst gistiskála til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu.

Umhverfisstofnun vill benda á að æskilegt er að velja framkvæmdartíma með tilliti til viðkvæmni lands og gróðurs. Við framkvæmd er mikilvægt að jarðrask og rask á gróðri verði haldið í lágmarki. Stofnunin telur brýnt að það komi fram í deiliskipulagsskilmálum að óheimilt er að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu enda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á landi er friðlýstum svæðum og alls staðar ofar 500 metra hæðar yfir sjó.

Frárennsli og rotþrær

Skv. ofangreindri lýsingu eru endurbætur salernis- og frárennslismála þeir þættir sem líklegir eru til þess að hafa í för með sér áhrif á umhverfið, þ.e. ef ekki er rétt staðið að málum. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fráveita á svæðinu sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Að mati Umhverfisstofnunar þarf í deiliskipulagi að sýna staðsetningu rotþróa á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is). Þar sem fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur er skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp, heimilt að nota þurrsalerni. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Neysluvatn og vatn

Lagt verður mat á hvort áætlunin hefur áhrif á grunnvatn og þar með drykkjarvatn. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvernig áætlað er að nálgast vatn ef ákveðið er að reisa vatnssalerni.

Mengun og sorp

Umhverfisstofnun bendir á að hvergi komi fram í deiliskipulags- og matslýsingu hvað gert verði við tilfallandi sorp, stofnunin bendir á 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar fyrir byggingu salernis þ.e. hæð, þakhalli og efnisnotkun komi fram í deiliskipulagi. Umhverfisstofnun minnir á að skv. 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eiga byggingar að falla sem best að svipmóti landsins svo þær valdi ekki neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun leggur áherslu á að áætlaðar framkvæmdir verði settar fram á skýran hátt í deiliskipulagi. Stofnunin leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúruminjaskrá og næsta nágrenni þess spillist ekki.


Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram hvaða framkvæmdir þurfi að koma til við vatnsöflun og einnig þarf að koma fram hvað gert verði við tilfallandi sorp og úrgang. Þar að auki telur Umhverfisstofnun ekki koma nægilega vel í ljós í greinargerðinni væntanleg staðsetning salernishúss og rotþróar.

Hafa þarf í huga að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum við framkvæmd og bendir Umhverfisstofnun á að akstur utan vega er bannaður með lögum.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögur að deiliskipulagi um skálasvæði við Þverbrekknamúla í Bláskógarbyggð.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Staðgengill forstjóra


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri